

Nd.

330. Frumvarp til laga

um stofnun prófessorsembættis í uppeldisfræði og barnasálafræði í heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal stofna prófessorsembætti í uppeldisfræði og barnasálarfræði. Við veitingu embættisins skal höfð hliðsjón af því, að sá, er það fær, geti, ef á þarf að halda, tekið að sér að kenna stúdentum heimspekileg forspjallsvisindi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi samkvæmt ósk Sambands íslenzkra barnakennara og eftir meðmælum heimspekideildar háskólans. Var frv. þá afgreitt frá neðri deild, en dagaði uppi í efri deild. Er frv. nú flutt á ný í þeirri mynd, sem það var, þegar það var afgreitt til efri deildar.